

Samþykkt um refa- og minkaveiði í Dalvíkurbyggð

1. kafli

Almennt

1. gr.

Reglur

Samþykkt þessi gildir um veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagamarka Dalvíkurbyggðar. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerðar sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum. Verktakagreiðslur fyrir unnið dýr eru samkvæmt ákvörðun umhverfis- og dreifbýlisráðs á hverjum tíma. Sveitarstjórn ákveður árlega hversu miklu fé er varið til þessa málaflokks, því geta upphæðir fyrir felld dýr, breyst milli ára.

2. kafli

Refaveiði

2. gr.

Veiðimenn

Dalvíkurbyggð gerir verktakasamning við veiðimenn um minkaveiði, grenjaleitir, grenjavinnslu og vetrarveiði á ref. Einnig er sveitarfélaginu heimilt að greiða gjald fyrir útköll til veiða við sérstæðar aðstæður, að beiðni verkefnastjóra þvert á svið Dalvíkurbyggðar.

- Verktaka er í störfum sínum skylt að fara eftir Lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerð 437/1995.
- Verktaki skal hafa gilt skotvopnaleyfi og veiðikort.
- Verktaka er skylt að skila veiðiskýrslu, fyrir 1. október ár hvert, þar sem fram komi um hvern unninn ref og mink:
 - o Kyn, litur, aldur (hvolpur/fullorðið)
 - o Veiðistaður (GPS hnit grenis) og á hvaða bújörð/afrétt dýrið veiddist.
 - o Verktaki haldi skrá (nafn og GPS hnit) yfir þau greni sem hann leitar á sínu svæði og bæti við skrána nýjum grenjum sem finnast.
 - o Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir framangreind tímamörk.
- Felli verktaki mögulegt grendýr nærri mörkum síns veiðisvæðis, ber honum að láta veiðimann næsta svæðis vita.

3. gr.

Búnaður

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við, kemur sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaður við refaveiðar skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir.

4. gr.

Grenjaveiði

Dalvíkurbyggð ræður veiðimenn til grenjavinnslu á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert (grenjatíma skv. 5. gr. reglugerðar 437/1995 um refa- og minkaveiðar). Sveitarfélagið greiðir þeim þóknun fyrir veidd dýr skv. taxa umhverfis- og dreifbýlisráðs. Einungis veiðimönnum sem eru með samning við

Dalvíkurbyggð eru heimilar refaveiðar á grenjatímabilinu. Þó geta bændur og æðarræktendur á eigin kostnað eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna verkefnastjóra þvert á svið um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

5. gr.

Leit

Við grenjaleit er ætlast til að veiðimaður leiti sem flest þau greni á því svæði sem honum er úthlutað og líkur teljast að tófa leggi í það árið, með hliðsjón af snjóalögum og tíðarfari.

6. gr.

Grenjaskrár

Veiðimenn skulu halda skrá (nafn og hnitsetningu) yfir öll þekkt greni á þeirra veiðisvæðum og uppfæra hana ef ný greni finnast. Uppfærðri skrá yfir þau greni sem leituð og unnin eru ár hvert skal veiðimaður skila inn með reikningum fyrir veiði.

7. gr.

Vetrarveiði

Sveitarfélagið getur ráðið veiðimenn til vetrarveiða á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl ár hvert.

8. gr.

Útburður, staðsetning og frágangur ætis

Vanda skal til verka við útburð ætis. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða sem borið er út á.

Ætlast er til að staðsetning og frágangur ætis valdi útivistarfólki og öðrum sem um landið fara sem minnstum ama. Jafnframt skal staðsetningin vera í samráði við fulltrúa Dalvíkurbyggðar, auk þess sem samþykki landeiganda og MAST þarf að liggja fyrir. Fjarlægja skal æti og leifar þess í lok veiðitíma.

9. gr.

Samráð við aðra veiðimenn

Veiðimaður skal hafa samráð við aðra veiðimenn og landeigendur þegar borið er út æti. Veiðar úr ökutækjum eru bannaðar sbr. 21. gr. laga nr. 16/1998.

3. kafli

Minkaveiði

10. gr.

Veiðar

Dalvíkurbyggð getur ráðið veiðimenn með minkahunda til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu. Skulu þeir að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní og vera til reiðu sem kostur er.

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé á varplöndum og við veiðiár.

Sveitarfélaginu er heimilt að ráða veiðimenn til minkaveiða á tímagjaldi við sérstakar aðstæður. Greiða skal slíkum veiðimanni tímakaup á hverja unna klukkustund og kílómetragjald.

11. gr.
Gildruveiðar

Heimilt er að ráða veiðimenn til gildruveiða. Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi ekki hætta af og skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótasta hátt.

12. gr.
Minkabæli

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hjótist af. Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

4. kafli
Skil á skýrslum og greiðslur

13. gr.
Veiðikort

Þeir einir fá greidd skottlaun sem hafa gilt veiðikort.

14. gr.
Skil á gögnum

Skottum af unnum dýrum ber að skila til verkstjóra Eigna- og framkvæmdadeildar og dýrum í heilu lagi ef eftir því er óskað. Þá ber einnig að skila skýrslum um veiði og ber að nota form frá Umhverfisstofnun. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og/eða hvaða greni var leitað, ásamt hnitsetningu grenja. Greiðslur fara ekki fram fyrr en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný greni hafa fundist. Veiðimanni ber að skila sundurliðuðum reikningi vegna minka- og refaveiða.

15. gr.
Hámarksupphæð

Sveitarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hámarksupphæð til refa- og minkaveiða. Umhverfis- og dreifbýlisráð ákveður upphæðir sem greiddar eru fyrir hvert dýr fyrir upphaf hvers veiðiárs.

16. gr.
Annað

Samþykkt þessi var samþykkt á fundi umhverfis- og dreifbýlisráðs Dalvíkurbyggðar þann 9. ágúst 2024. Samþykkt þessi var samþykkt á fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 15. ágúst 2024.